

2012-
2013

Hvolsskóli, Rangárþingi eystra

*Gyða Björgvinsdóttir –
formaður,
Pálína Björk Jónsdóttir,
Steinunn Arnardóttir
og Sigurlín
Sveinbjarnardóttir*

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2013-2014.....	2
2. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta.....	4
2.1. Tengslakönnun	4
2.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8. og 10. bekkur.....	4
2.3. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur.....	6
2.4. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna.....	7
2.5. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.	9
3. Samræmd könnunarpróf haustið 2012.....	12
4. Námsmat.....	13
5. Uppgjörsg dagar að vori 2013	14
5.1. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.	15
5.2. Samráðsfundir á uppgjörsgögum	16
6. Samstarf leik- og grunnskóla.....	19
Að lokum	20

Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2012 – 2013 var skipaður Gyðu Björgvinsdóttur, formanni hópsins, Pálinu Björk Jónsdóttur, Steinunni Arnardóttur og Sigurlín Sveinbjarnardóttur, skólastjóra. Fundir voru haldnir á fimmtudögum, að meðaltali einu sinni í mánuði. Samstarf hópsins gekk vel og studdist hópurnir við skýrslur fyrri ára. Vel gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti Sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Í sumum tilfellum eru spurningar dýpkaðar á milli ára þar sem þörf þykir á að rýna betur í einstök atriði.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

Áætlun sjálfsmats fyrir skólaárin 2013 – 2014 og 2014 – 2015 fylgir skýrslunni.

1. Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2013-2014

Tímaáætlun sjálfsmats 2012-2015

2012-2013	2013-2014	2014-2015	tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti.	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti.	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti.	sept.
	Skipulag náms á elsta stigi.	Skipulag náms á miðstigi.	sept.
6., 8. og 10. árgangur. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum.	6., 8. og 10. árgangur. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum.	6., 8. og 10. árgangur. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum.	okt.-des.

2012-2013	2013-2014	2014-2015	tími
Námsmat. Staða, aðferðir og fyrirkomulag.	Sérkennsla. Innra skipulag og nýting.	Námsmat. Staða, aðferðir og fyrirkomulag.	nóv./des.
Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.	des.
Könnun í 2. og 4. árgangi. Mat nemenda á líðan í skóla.	Könnun í 2. og 4. árgangi. Mat nemenda á líðan í skóla.	Könnun í 2. og 4. árgangi. Mat nemenda á líðan í skóla.	jan.
Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna.	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna.	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna.	jan.
Starfsmannakönnun. Líðan, starfsaðstaða, uppeldi til ábyrgðaro.fl.	Starfsmannakönnun. Líðan, starfsaðstaða, uppeldi til ábyrgðaro.fl.	Starfsmannakönnun. Líðan, starfsaðstaða o.fl.	jan.
Samstarf við leikskólann. Fundur með þeim sem að samstarfinu koma.	Samstarf við leikskólann. Fundur með þeim sem að samstarfinu koma.	Samstarf við leikskólann. Fundur með þeim sem að samstarfinu koma.	maí
Mat á skólastarfi skólastarfið 2012– 2013. M.a. var farið í að skoða verkferlana er lúta að skólasókn, skólareglum og aðgerðaráætlun gegn einelti. Auk þess sem betur var rýnt í niðurstöður starfsmannakönnunar sem lögð var fyrir í janúar, m.a. stjórnun skólans, upplýsingaflæði og agamál.	Mat á skólastarfi skólaárið 2013 – 2014. Ný aðalnámskrá verði rædd m.t.t. þeirra nýju þátta sem þar er að finna, þ.e. heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun.	Mat á skólastarfi skólaárið 2014– 2015. Innleiðing aðalnámskrár og nýtt námsmat.	uppgjörsdagar í maí

Sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2012-2013 fór að mestu leyti fram eins og áætlun þar um gerði ráð fyrir. Þegar kom að því að fara í skipulag náms á elsta stigi sem taka átti fyrir í apríl kom í ljós að það þótti full seint á skólaárinu. Því var tekin ákvörðun um að fresta þeim lið þangað til í september á næsta skólaári.

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur

mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2012-2013:

2. Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta

2.1. Tengslakönnun

Sjálfsmatsnefndin óskaði eftir því að allir umsjónarkennarar myndu leggja tengslakönnun fyrir í sínum bekk í upphafi skólaársins. Þegar unnið hefur verið úr tengslakönnun er um að ræða mjög gott vinnutæki fyrir kennara þar sem hann getur kortlagt félagsmynstrið í bekknum. Það kemur bersýnilega ljós í könnunum á borð við þessar hvaða nemendur það eru sem þurfa aðstoð við að komast betur í hópinn og getur kennarinn þá auðveldlega gripið inn í. Allir umsjónarkennarar skólans lögðu fyrir tengslakönnun.

2.2. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8. og 10. bekkur

Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2012. Nánast allir nemendur í 6. bekk, 8. bekk og 10. bekk tóku þátt í könnuninni, eða 97% nemendanna.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti með 20 spurningum unninn af sjálfsmatshópi.

Viðmið: Ásættanlegt er að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar. Þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti, en slíkt er ekki liðið í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➔ 95% nemenda líður vel/frekar vel í skólanum.
- ➔ 94% nemenda segja að þeim sé sjaldan/frekar sjaldan strítt í skólanum.
- ➔ 90% nemenda svara því neitandi að þeir hafi orðið fyrir einelti í Hvolsskóla
- ➔ 83% telja að skólafélögum sínum sé frekar sjaldan/sjaldan strítt í Hvolsskóla.
- ➔ 95% nemenda taka frekar sjaldan/aldrei þátt í að stríða skólafélögunum.
- ➔ 100% nemenda taka frekar sjaldan/aldrei þátt í að meiða skólafélagana.
- ➔ 95% svara því neitandi að hafa lagt í einelti.
- ➔ 81% nemenda Hvolsskóla koma vel/frekar vel fram við hvern annan.
- ➔ 97% nemenda segja að starfsmenn skólans koma vel fram við sig.
- ➔ 95% nemenda segja að starfsmenn skólans komi vel/frekar vel fram við aðra nemendur.
- ➔ 87% nemenda svara því til að þeir standi sig alltaf/frekar oft vel í skólanum.

- ➡ 95% nemenda finnst alltaf/frekar oft mikilvægt að standa sig vel í skólanum.
- ➡ 86% nemenda vinna heimaverkefnið alltaf/frekar oft.
- ➡ 92% barnanna eiga marga/margar, nokkra/nokkrar vini/vinkonur í skólanum.
- ➡ 89% nemenda líður vel/frekar vel í matsalnum.
- ➡ 91% nemenda í akstri líður vel/frekar vel í skólabílnum.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 3% nemenda, þ.e. tveir nemendur, segjast hafa orðið fyrir einelti síðustu 12 mánuði.
- 3% nemenda segjast hafa lagt í einelti síðust 12 mánuði.
- 31% nemenda telja sig stundum/aldrei geta leitað til starfsmanna skólans. Þetta þarf að taka fyrir á starfsmannafundum og koma því til nemenda að þeir eigi rétt á því að geta leitað til starfsfólks og þá er ekki endilega verið að tala um umsjónarkennara. Að sjálfsögðu má alltaf leita til hvers sem er hérna innanhúss og mikilvægt er að ræða hlutina hið fyrsta svo hægt sé að veita stuðning og aðstoða.
- 67% nemenda segja að það sé frekar sjaldan/aldrei vinnufriður í kennslustundum. Kryfja þarf vinnufriðinn og skilgreina betur hugtakið vinnufriður. 96% starfsmanna telja sér ganga vel eða frekar vel að halda uppi aga svo varla getur agaleysi verið skýring. Kanna þarf hvað það er sem nemendum finnst að. Fara í átak og fá kennara til að ræða um vinnufrið í bekkjum sínum. Ræða þarf við bekkina um hlutverk kennara og nemenda í kennslu. Nú í vetur hafa nemendur haft val um að vera í námsveri og vinna þar í ró. Innleiðingin á Uppeldi til ábyrgðar er talin taka ca. 5 ár og erum við nú búin með fyrstu þrjú, en þegar allar eru farnir að nýta sér það í kennslu sinni ætti vinnufriðurinn að aukast til muna.
- 43% nemenda finnst þeim frekar sjaldan/sjaldan hrósað í Hvolsskóla. Ræða þarf hrós í umsjónarstundum. Til að byrja með þyrfti að skilgreina hrós, hvað er hrós? Skiptir máli hvernig er hrósað og hvaða orð eru notuð? Flokkast það ekki sem hrós þegar öllum hópnum er hrósað, er það minna hrós en þegar einstaklingnum er hrósað? Skiptir máli hvaða orð eru notuð til þess að hrósa?

2.3. Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

Mat nemenda á líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

Matstæki: Einföld könnun var lögð fyrir í janúar 2013. 47 nemendur af 48 svöruðu eða 98%.

Viðmið: Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla. Í þessari könnun var boðið uppá svokallaðan „miðjumöguleika“ og áttuðum við okkur fljótt á því að hann gefur svolítið ruglingslegar niðurstöður.

Miðjumöguleikinn er í raun frekar villandi þar sem hvorki er hægt að telja hann til jákvæðra né neikvæðra niðurstaða. Því verður að segja að erfitt sé að lesa úr þessum niðurstöðum.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 83 % nemenda líður vel í frímínútum
- 98% nemenda á vini í bekknum
- 100% nemenda á vini í skólanum.
- 81% nemenda finnst rétt að hlýða kennaranum sínum.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 47 % nemenda segjast stundum verða fyrir stríðni í skólanum. Athygli vekur að aðeins 11% nemenda segjast taka þátt í að stríða félögum sínum. Í fyrra sögðust 66% nemenda í 2. og 4. bekk verða fyrir stríðni. Nú er greinilega um færri börn að ræða, en betur má ef duga skal.
- 61% barna líður vel í bekknum sínum og eru það töluvert færri en í fyrra. Hér var strax brugðist við og umræður voru teknar í umsjónarstundum. Nemendur fengu gátlista með sér heim, varðandi líðan og skiluðu þeim í foreldraviðtali og þá var hægt að taka umræður um líðanina í foreldraviðtölunum. En ljóst er að það þarf að fara í enn frekara átak til þess að kryfja þessa vanlíðan enn frekar.
- 21% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum. Hér hefur þó orðið bæting frá því í fyrra, þar sem 32% nemenda sögðu að ekki væri vinnufriður í bekknum. Það er ljóst að nemendur og kennarar þurfa að fara saman í átak til að vinna að bættum vinnufriði. Það þarf að skilgreina hugtakið vinnufriður og skoða þarf hvort opna rýmið geti átt þar hlut að máli, því vissulega getur það skapað meiri óróleika. Farið

var í umræður um vinnufrið á vinnufundum og sýndu deildarstjórar þar m.a. glærur með efni sem geta hjálpað til við að bæta vinnufrið.

- 40,5 % nemenda líður vel í matsalnum. Hér er þörf á að kanna betur hvað það er sem börnunum líður ekki vel yfir. Er það maturinn? Eða gæti það mögulega verið hávaðinn sem getur skapast í matsalnum sem orsakar vanlíðanina?
- 55% nemenda líður vel í búningasklefanum í íþróttahúsinu og þremur nemendum líður illa. Eftir áramót var ráðinn starfsmaður í skólann sem m.a. sinnti gæslu í búningasklefa drengja, en það hefur sárlega vantað. Í búningasklefa stúlkanna hefur á hinn bóginn alltaf verið gæsla. Það er von til þess að íþróttamiðstöðin ráði starfsmann í haust til að sinna gæslu í búningasklefa drengja.
- Þremur börnum líður illa í skólabílunum og þarf augljóslega að taka það föstum tókum. Fundað hefur verið á hverju hausti með skólabílstjórum og farið yfir málefni sem snerta þá. Einnig er á þeim fundum rætt um líðan og hegðun barna í bílunum. Ræða þarf þetta atriði í haust.

Á síðasta ári voru 3 börn sem leið illa í Skjólínu, en þetta árið er ekkert barn sem líður illa og er það mjög ánægjulegt.

2.4. Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna

Könnun var lögð fyrir foreldra á foreldradegi í skólanum, þann 9. janúar 2013 og var svörunin 90% sem er ánægjulegt. Í fyrra var svörun foreldra eða forráðamanna 83%. Stuðningsfulltrúar sáu til þess á sjálfan foreldradaginn að minna foreldra og forráðamenn á mikilvægi könnunarinnar.

Matstæki: Rafrænn spurningalisti sem sjálfsmatshópur samdi.

Viðmið: Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta. Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 94% foreldra svara að barninu þeirra líði vel/frekar vel í skólanum.
- 100% telja Hvolsskóla hvetja nemendur til að skila góðum námsárangri alltaf/oftast.
- 92% foreldra taka alltaf/oftast virkan þátt í námi barnsins.
- 91% foreldra hafa alltaf/oftast yfirsýn yfir nám barnsins síns.
- 97% telja umsjónakennarann hafa góða/frekar góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.

- ➡ 81% telja að alltaf/oftast sé vinnufriður í bekknum.
- ➡ 99% foreldra finnast þeir alltaf/oftast velkomnir í Hvolsskóla.
- ➡ 97% foreldra segja að samstarf sitt við skólann í tengslum við nám barnsins gangi vel/frekar vel.
- ➡ 100% foreldra telja kennara Hvolsskóla leggja alltaf/oftast metnað sinn í góða kennslu.
- ➡ 99% foreldra treysta starfsmönnum Hvolsskóla vel/frekar vel.
- ➡ 82% telja Hvolsskóla alltaf/oftast geta ráðið fram úr eineltismálum.
- ➡ 96% foreldra eru sammála/frekar sammála að starfsmenn skólans komi fram við barnið þeirra af virðingu.
- ➡ 85% foreldra eru sammála/frekar sammála um að Hvolsskóli njóti virðingar í samfélaginu.
- ➡ 98% foreldra eru sammála/frekar sammála að barnið þeirra fái hvatningu í Hvolsskóla.
- ➡ 86% foreldra líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 daga úr 180 dögum.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 50% foreldra hafa kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti vel/frekar vel. Hvetja þarf foreldra til að skoða heimasíðuna. Gott væri að minna á aðgerðaráætlunina í foreldraviðtölum og senda póst heim með áætlunina í viðhengi. Það er í raun skylda allra að kynna sér þetta vel.
- 28% eru ekki ánægðir með mötuneyti skólans. Hér þarf að fá nánari útlistun á því hvað það er sem foreldrar eru ekki ánægðir með og þarf að skoða þessa spurningu betur þegar settur verður saman spurningalisti fyrir næstu könnun. Eins er mikilvægt að kokkurinn fái upplýsingar um það sem vel er gert og um það sem betur má fara. Við leggjum til að kokkurinn komi tvisvar í viku til okkar hérna í skólanum. Hann gæti t.d. mætt kl. 11:30 og skammtað sjálfur á diska nemendanna. Mikilvægt væri að hann kæmi á mismunandi dögum og sjái hvernig framkvæmdin er hér. Það væri gott fyrir alla, nemendur, starfsfólk og kokkinn að sjá hvert annað.

Niðurstöður úr spurnigum er varða einelti.

Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í Hvolsskóla?

- 4% (4 nemendur) já, síðasta mánuð.
- 7% (7 nemendur) já, síðustu 6 mánuði.
- 4% (4 nemendur) já, síðustu 12 mánuði.
- 12% (12 nemendur) já, fyrr á skólagöngunni
- 73% (76 nemendur) nei.

Hefur barnið þitt tekið þátt í að leggja í einelti?

- 3% (3 nemendur) já, síðasta mánuð.
- 1% (1 nemandi) já, síðustu 6 mánuði.
- 2% (2 nemendur) já, síðustu 12 mánuði.
- 6% (6 nemendur) já, fyrr á skólagöngunni.
- 88% (91 nemandi) nei.

Ljóst er að einelti er ekki liðið í Hvolsskóla og um leið og tilkynning varðandi einelti berst fer af stað ferli þar sem notast er við aðgerðaráætlun skólans gegn einelti. Ástæða þykir til að benda á að hver sá sem telur sig verða vitni að einelti á að tilkynna það.

Sérstakur hópur hefur á vörmisseri unnið að endurbótum á aðgerðaráætlun skólans gegn einelti og skilaði sá hópur af sér í byrjun maí. Aftur verður farið yfir endurbæturnar og skipað eineltisteymi fyrir næsta skólaár.

2.5. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.

Matstæki: Rafræn könnun lögð fyrir á starfsdegi 4. janúar. 2013.

Viðmið: Ásæt看anlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta. 46 af 54 starfsmönnum skólans svöruðu könnuninni, þ.e. 87% starfsmanna.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- 85% starfsmanna hlakkar til að mæta í vinnuna á morgnanna.
- 81% finnst vinnuaðstaðan vera góð/frekar góð.
- 87% eiga gott/frekar gott samstarf við skólastjórnendur.
- 100% eiga gott/frekar gott samstarf við vinnufélagana.
- 96% gengur vel/frekar vel að halda uppi aga.
- 87% telja Hvolsskóla njóta virðingar í samfélaginu, alltaf/oftast.
- 81% líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 úr 180.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta

- 26% svara að starfsandinn sé frekur slæmur/slæmur. Það verða allir að leggjast á eitt til þess að bæta starfsandann. Kennarasamband Íslands hefur látið gera átta fræðslumyndbönd fyrir félagsmenn sína um fagleg málefni, starfsumhverfið og líðan í starfi og er tilvalið að sýna þessi myndbönd á bæði starfsmannafundum og stigsfundum. Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur er meðal þeirra sem koma fram á myndböndunum. Þórkatla kom einmitt í skólann fyrir rúmu ári og hélt fyrirlestur um samskipti á vinnustað.
- 52% telja að vinnuálagið sé mikið/of mikið. Æskilegt er að starfsfólk leiti til stjórnenda með sínar áhyggjur og ef þeim þykir vinnuálagið of mikið s.s. í árlegum starfsmannaviðtölum. Stjórnendur eru líka alltaf til viðtals og þarf ekki að panta formlega tíma til slíkra umræðna. Svo má alltaf senda tölvupóst. Margir starfsmenn vinna aðra vinnu meðfram föstu vinnunni sinni. Það gæti verið ráð að minnka aukavinnuna en þeir sömu kvarta yfir vinnuálagi.
- 28% finnst Hvolsskóla frekar illa/illa stjórnað. Það þarf að fara fram almenn umræða um þetta á uppgjörsdögum í vor, komast þarf að því hvað það er sem betur má fara.
- 63% finnst upplýsingarflæðið frekar slæmt/slæmt. Notar þarf tölvupóst betur til að koma innanhússupplýsingum á framfæri sem og töfluna á kaffistofu starfsmanna. Taka umræður um upplýsingaflæðið á uppgjörsdögum.
- 46% hafa ekki kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti. Haldin var kynning á starfsmannafundi í maí sl. á nýrri og bættri áætlun. Bæta þarf aðgengi fólks að aðgerðaráætluninni á heimasíðu skólans. Skólastjórnendur gera þá kröfu að starfsfólkið lesi aðgerðaráætlun skólans gegn einelti.
- 50% hafa ekki kynnt sér skólasóknarreglur skólans. Þar hafa verið kynntar á starfsmannafundi. Bæta þarf aðgengi fólks að skólasóknarreglunum á heimasíðu skólans. Skólastjórnendur gera þá kröfu að starfsfólkið kynni sér skólasóknarreglurnar.

- 44% finnst frekar illa/illa tekið á agamálum í Hvolsskóla en 96% starfsmanna telja sig þó halda góðum aga. (sjá hér að ofan). Ræða á uppgjörsdögum. Þegar agamál koma upp er umsjónarkennarinn fyrsti aðilinn til að taka á málinu. Ef það skilar ekki árangri kemur deildarstjóri að málinu. Ef kalla þarf foreldra til þá er skólastjórinn með í ráðum. Síðastliðið haust var námsver skólans sett á laggirnar, námsverið er m.a. hugsað til þess að taka nemendur í rólegra umhverfi sem ekki ráða við aðstæður inni í bekk.
- 33% finnst að agamálum sem lenda inn borði skólastjórnenda frekar illa/illa fylgt eftir. Þetta þarf að ræða á uppgjörsdögum. Þegar agamál koma upp er umsjónarkennarinn fyrsti aðilinn til að taka á málinu. Ef það skilar ekki árangri kemur deildarstjóri að málinu. Ef kalla þarf foreldra til þá er skólastjórinn með í ráðum og á fundum. Þegar mál eru komin til skólastjórnenda er ekki víst að það verði upplýst um aðgerðir sem eru þá trúnaðarmál milli foreldra og stjórnenda.
- 35% telja Hvolsskóla sjaldan/aldrei vera framsækinn skóla. Skóli er það sem starfsmennirnir gera hann að. Skólinn tekur þátt í mörgum viðburðum, ræðukeppni, söngvakeppni, skólahreysti, uppeldi til ábyrgðar og metnaður er í að bæta niðurstöður samræmdra prófa. Auk þess er skólinn með Grænfánann. Þess má geta að skólinn stendur framarlega í því að byggja brú frá leikskóla yfir í grunnskóla en mikið og gott samstarf er á milli leikskólans og grunnskólans m.a. til þess að auðvelda nemendum og foreldrum flutninginn á milli skólastiganna.
- 44% finnast mötuneyti skólans frekar slæmt/slæmt. Þegar miklar breytingar verða snögglega tekur það fólk alltaf svolítinn tíma að aðlagast breyttum og nýjum áherslum. Það þarf að spyrja hvað er slæmt, er það maturinn, eða hávaðinn eða jafnvel skipulagið. Nú þegar hefur verið tekin ákvörðun um breytingar, m.a. koma elstu nemendur skólans til með að taka þátt í því að búa til matseðil auk þess sem kokkurinn kemur til með að verða sýnilegri.

Mikill meirihluti starfsfólks er farinn að nýta sér uppeldi til ábyrgðar að einhverju leiti. Að auki komu fram hugmyndir um hvernig hægt er að vinna með jákvæð samskipti í starfsmannahópnum.

3. Samræmd könnunarpróf haustið 2012

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk en í íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk.

Matstæki: Próf send frá Námsmatsstofnun.

Viðmið: Að árangur nemenda Hvolsskóla sé yfir meðaltali á Suðurlandi og nái meðaltali fyrir landið allt í öllum greinum.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Mest er unnið með niðurstöður einstaklingslega og er skipulag kennslu í skólanum í fámennari hópum og með mikla mönnun vel til þess fallin að sinna því. Hér á eftir verða sýndar meðaleinkunnir alls landsins, Suðurlands og meðaltöl Hvolsskóla.

4. bekkur; Landsmeðaltal í íslensku er 6,1 og í stærðfræði er það 6,9.

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 6,0 og í stærðfræði 7,0.

➔ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 5,9.

➔ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 6,4.

Að þessu sinni er suðurlandsmeðaltal í stærðfræði hærra en landsmeðaltal.

Þetta er enn ekki ásættanlegur árangur miðað við viðmið Hvolsskóla. Ástandið hefur þó batnað, en ekki nóg og enn erum við undir viðmiðum okkar. Árangur í stærðfræði hefur batnað mikið frá síðasta ári. Nú þegar er hafin vinna við betrubætur og mikil upprifjun hefur átt sér stað út frá einstökum þáttum prófanna bæði í íslensku og stærðfræði.

Í kjölfar samræmdu prófanna hefur verið gripið inn í m.a. með miklu lestrarátaki í samvinnu við foreldra og með greiningum þar sem þess hefur þurft.

7. bekkur; Landsmeðaltal er 6,6 í íslensku og 6,9 í stærðfræði.

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 6,2 og í stærðfræði 6,6.

➔ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 6,4.

➔ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði var 6,6.

Hvoru tveggja er yfir Suðurlandsmeðtali en undir landsmeðaltali. Því þarf enn að rifja upp og vinna mikið út frá einstökum þáttum prófanna.

10. bekkur; Landsmeðaltal í íslensku er 6,4. Landsmeðaltal í stærðfræði er 6,5 og landsmeðaltal í ensku er 6,6.

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 6,1. Suðurlandsmeðaltal í stærðfræði er 6,2 og suðurlandsmeðaltal í ensku er 6,3.

- ➡ Meðaltal Hvolsskóla í íslensku var 5,8.
- ➡ Meðaltal Hvolsskóla í stærðfræði er 6,0.
- ➡ Meðaltal Hvolsskóla í ensku var 4,8.

Enn erum við undir okkar viðmiðum.

Þó er ánægjulegt er að sjá að allir nema einn nemandi eru með svipaðar eða meiri framfarir en almennt gerist, frá samræmdu prófunum í 7. bekk.

4. Námsmat

Í október fundaði sjálfsmatsnefndin ásamt deildarstjórum skólans til þess að ræða námsmatið í skólanum.

Það er undir kennaranum komið hvernig námsmatið fer fram hjá honum, en deildarstjórar fylgjast með matinu. Ef notast er við stöðluð próf gefa þau betri mynd yfir heildina.

Á yngsta stig er aðallega hugað að lestri og er vel fylgst með lestrarnámi nemenda.

Lestrarskimun er lögð fyrir í fyrsta bekk og er lestrarþjálfunin aukið á ákveðnum þáttum ef svo ber undir. Nemendur taka reglulega stöðluð lestrarpróf, minnst þrisvar á önn. Fyrir áramót tekur hver árgangur fyrir sig alltaf sama prófið og eftir áramót tekur svo nýtt lestrarpróf við. Með því að nemendur taki sama prófið nokkrum sinnum sést greinilega hverjar framfarirnar eru. Stíft er fylgst með þróun mála og gripið er inn í ferlið ef nemendur ná ekki tilskildum árangri.

Nemendur yngsta stigs taka svo jólapróf í desember og vorpróf í maí, þar sem aðaláherslan er lögð á íslensku og stærðfræði, í 4. bekk bætist svo enskupróf við að vori. Prófin eru ekki stöðluð, þ.e. þau sömu frá ári til árs, stuðst er við sömu grunnatriðin en þau eru endurskoðuð og betrubætt á hverju ári. Fyrir utan prófseinkunnir eru gefnar kennaraeinkunnir, en þar ákveður hver kennari fyrir sig hvað liggur að baki einkuninni. En þættir sem teknir eru fyrir í mat kennara geta t.d. verið vinnubækur, hegðun, heimanám o.s.frv.

Þar sem það á við eru einstaklingsmiðuð próf lögð fyrir, skv. einstaklingsnámskrám.

Á miðstigi eru lögð fyrir bæði jóla- og vorpróf og fyrir þessi próf senda kennarar út gátlista. Auk jóla- og vorprófa eru könnunarpróf lögð fyrir í tímum og notast er við verkefnaöppur. Nemendur eru prófaðir í lestri og er þá um að ræða bæði hraða- og

framsagnarpróf. Þar sem það á við eru einstaklingsmiðuð próf lögð fyrir, skv. einstaklingsnámskrám. Eins og á yngsta stigi eru líka gefnar kennaraeinkunnir á miðstigi.

Námsmat á elsta stigi er hefðbundið, árið 2006 var ákveðið að minnka vægi lokaprófa og leggja meiri áherslu á kaflapróf í greinum eins og samfélagsfræði og náttúrufræði. Það getur þó haft ákveðna ókosti í för með sér, t.d. er erfiðara að vinna sig upp þegar um slíkt er að ræða. Að öðrum kosti gæti nemandi híft einkunn sína upp í lokaprófi.

Í íslensku og stærðfræði eru stöðluð lokapróf, en þó eru gerðar örlitlar breytingar á þeim svo þau séu ekki nákvæmlega eins frá ári til árs.

Ábending kom um að gott væri ef foreldrar nemenda gætu séð gátlista að hausti yfir það sem taka á fyrir yfir veturinn.

Allir voru sammála um að nauðsynlegt er að leggja próf fyrir nemendur, prófin eru líka tæki fyrir foreldra til að lesa í. Stundum mætti halda því fram að tölur á blaði segi ekki mikið en þó hjálpa prófin kennurum til að sjá hvað þarf að leggja meiri áherslu á hjá einstaka nemendum.

Fram kom að meiri samfella er í námsmati núna síðustu árin en oft áður og hangir það saman með stöðugu starfsmannahaldi.

Lestrarstefna skólans er mikilvæg og hún gefur viðmið.

Umræður voru um hvort nemendur viti alltaf til hvers er ætlast af þeim í sambandi við námsmat. Í flestum tilvikum er það þannig að nemendur vita til hvers er ætlast af þeim. Í upphafi kennslu í hverju fagi eru nemendur upplýstir um fyrirkomulagið á námsmatinu sem gert er upp í annarlök.

Skv. einstaklingsnámskrám fá nemendur svo sérpróf með tilliti til einstaklingsmarkmiða. Einnig fá nemendur aðstoð sem getur t.d. falist í því að fá lengri próftíma, taka munnleg próf, taka próf í minna rými, aðstoð við að skrifa og að lesið sé fyrir nemendur.

Að lokum er vert að geta þess að mikilvægt er að nýta námsmat sem hvatningu. Námsmatið á að beina nemendum á rétta braut og mikilvægt er að muna að hver og einn gerir eins og hann getur og á að keppa við sjálfan sig, en ekki bera sig stöðugt saman við aðra.

5. Uppgjörsg dagar að vori 2013

Á uppgjörsgögum voru viðstaddir allir starfsmenn skólans auk fulltrúa úr skólaráði. Í starfsmannakönnuninni sem lögð var fyrir starfsmenn skólans í janúar 2013 voru þættir sem ekki komu nógu vel út og tengdust þeir þættir aðallega stjórnun skólans, upplýsingaflæðinu og agamálum. Því var ákveðið að nota uppgjörsgdagana í lok maí til að leggja sömu könnunina fyrir

aftur og fá starfsmenn til að rökstyðja neikvæð svör sín.

Að auki var ákveðið að taka þessi sömu atriði fyrir á starfsmannafundi, þ.e. stjórnun skólans, upplýsingaflæði og agamál. Starfsmönnum skólans var skipt upp í 6 hópa og var hópunum skipt eftir stigum, því voru tveir hópar af hverju stigi. Eingöngu var spurt um neikvæða hluti og markar það umræðuna.

Niðurstöður könnunarinnar og athugasemdir hópanna koma hér fyrir neðan.

5.1. Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf o.fl.

Matstæki: Rafræn könnun lögð fyrir á uppgjörstigi 29. maí 2013.

Viðmið: Ásæt看anlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

Niðurstöður og leiðir til úrbóta: Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður. 37 af 45 starfsmönnum skólans svöruðu könnuninni, eða 82% starfsmanna.

Dæmi um jákvæðar niðurstöður

- ➡ 97% starfsmanna hlakkar alltaf/oftast til að mæta til vinnu á morgnanna, það er aukning um 12% frá því í janúar.
- ➡ 87% finnst vinnuaðstaðan vera góð/frekar góð, hér er um 6% aukningu að ræða frá því í janúar.
- ➡ 84% eiga gott/frekar gott samstarf við skólastjórnendur, í síðustu könnun voru það 87%.
- ➡ 97% starfsmanna eiga gott/frekar gott samstarf við vinnufélagana, í síðustu könnun voru það 100%.
- ➡ 92% starfsmanna gengur vel/frekar vel að halda uppi aga, 96% sögðu það ganga vel/frekar vel í janúar.
- ➡ 82% starfsmanna telja Hvolsskóla vera framsækinn skóla. Ánægjulegt að sjá þennan viðsnúning hér, en í janúar töldu aðeins 65% starfsmanna skólann vera framsækinn.
- ➡ 81% telja Hvolsskóla njóta virðingar í samfélaginu, alltaf/oftast, en í janúar voru 87% þeirrar skoðunar.
- ➡ 82% líkar vel/frekar vel við styttingu skólaársins í 170 úr 180, í janúar var um að ræða 81% starfsmanna.

Dæmi um neikvæðar niðurstöður

- 24% starfsmanna svara að starfsandinn sé frekur slæmur/slæmur, í janúar voru það 26%.
- 42% telja að vinnuálagið sé mikið/of mikið, í janúar var um að ræða 52% starfsmanna.
- 29% finnst Hvolsskóla frekar illa/illa stjórnað, í janúar voru 28% starfsmanna þeirrar skoðunar.
- 61% finnst upplýsingarflæðið frekar slæmt/slæmt, í janúar voru það 63%.
- 37% starfsmanna hafa ekki kynnt sér aðgerðaráætlun Hvolsskóla gegn einelti, í janúar voru 46% sem ekki höfðu kynnt sér hana.
- 29% starfsmanna hafa ekki kynnt sér skólareglurnar, í janúar voru 50% starfsmanna sem ekki höfðu kynnt sér skólareglurnar.
- 37% finnst frekar illa/illa tekið á agamálum í Hvolsskóla, í janúar var um að ræða 44%.
- 34% finnst að agamálum sem lenda inn borði skólastjórnenda frekar illa/illa fylgt eftir, í janúar voru 33% starfsmanna þeirrar skoðunar.
- 53% finnst mötuneyti skólans frekar slæmt/slæmt, í janúar voru 44% starfsmanna á því.

5.2. Samráðsfundir á uppgjörsdögum

Eins og áður sagði var ákveðið að ræða þau atriði, sem ekki komu nógu vel út í starfsmannakönnuninni í janúar, betur á uppgjörsdögnum. Þar var kallað eftir nánari skilgreiningum á þeim atriðum sem betur mega fara.

Varðandi stjórnun skólans var umræða um að góð mannleg samskipti skipti miklu máli auk þess sem ríkja þarf traust á milli stjórnenda og annarra starfsmanna. Mikilvægt er að allir geti talað saman og komi upp ágreiningsmál er mikilvægt að fólk ræði saman og reyni að leysa ágreininginn hið fyrsta. Við verðum að vera fagleg og muna að við erum fyrirmyndir nemenda okkar. Starfsfólk skólans þarf að sýna sjálfsaga og vera stundvíst. Miklu skiptir að stjórnendur hefji fundi á réttum tíma og allir verða að taka þátt í fundinum, en ekki sinna öðrum verkefnum á

meðan, eins og að fara yfir próf, búa til verkefni eða sinna handavinnu. Stjórnendur þurfa að stýra umræðunum vel og passa að þær séu faglegar, svo þær missi ekki marks. Það þætti gott ef skólastjóri væri sýnilegri og að alltaf sé einhver við í stjórnendaálmunni til kl. 16 á daginn. Stjórnendur eru á sínum skrifstofum til kl. 18-19 flesta daga nema um fundi sé að ræða annars staðar.

Hugmynd kom frá einum hópnum um að gott væri ef tveir stjórnendur væru viðstaddir starfsmannaviðtölin, annar stjórnandinn gæti þá séð til þess að það sem færi fram á fundinum væri ritað niður. Starfsmenn koma með útfyllt eyðublöð í viðtalið og bætt er við á meðan á viðtalinu stendur og síðan undirrita skólastjóri og starfsmaður. Það þykir mikilvægt að hafa viðtölin ekki of seint á skólaárinu.

Meira lýðræði mætti ríkja innans skólans og hafa kennara með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar er varða kennsluna. Á stigfundum er kjörið tækifæri til að ræða slík mál.

Eins var bent á að það væri leiðinlegt þegar kennarar kæmu hugmyndum á framfæri við skólastjórnendur og þeir tækju vel í þær en fylgdu þeim síðan ekkert eftir.

Mikilvægt þykir að manna þau forföll, sem vitað er um fyrirfram, með góðum fyrirvara.

Það þarf að miðla viðburðum í skólanum betur til allra starfsmanna og mikilvægt er að senda tölvupósta með fyrirvara, of mikið væri um að tölvupóstur bærisk starfsmönnum að kvöldi dags. Auk þess er tölvukostur annarra starfsmanna en kennara oft lélegur. Einnig mætti nota heimasíðuna meira, en því er fagnað að Hvolsskóli er kominn með síðu á Facebook. Nota mætti upplýsingatöfluna á kaffistofu starfsmanna miklu betur en gert er.

Hóparnir kölluðu eftir fleiri stjórnnumertum fundum, þar sem allir kennarar sem koma að hverju stigi fyrir sig hittast, á slíkum fundum væri t.d. hægt að miðla greiningum einstakra barna og öðrum upplýsingum um nemendur til allra kennara sem koma að nemandanum. Slíkt flokkast sem trúnaðarmál og er mikilvægt að allir vandi sig með þessar upplýsingar.

Það er mikilvægt að láta vita af veikindum starfsmanna svo ekki sé verið að bíða eftir þeim og til þess að nemendur séu ekki sendir af stað til að hitta kennara sem ekki er á staðnum. Ábending kom um það hvort ekki væri réttast að deildarstjórar kenndu ekki í morgunlotum. Þeir gætu þá notað þann tíma til að leysa forföll og sinna öðrum skipulagsmálum.

Það mætti kynna nýja starfsmenn betur og láta vita um gesti sem koma í skólann og staldra við í kennslustundum.

Ekki má gleyma því að ýmsar upplýsingar flokkast sem trúnaðarmál og alltaf eru einhver mál sem ekki má ræða í starfsmannahópnum.

Þó svo að bæta megi upplýsingaflæðið er vert að minna á að öllum geta orðið á mistök og e.t.v. megum við sýna hverju öðru meira umburðarlyndi. Margt gott er hægt að segja um skólann en jákvæð gagnrýni hjálpar til við að gera skólann betri og mikilvægt er að vera lausnamiðaður.

Það þyrfti að skilgreina agamál annars vegar og hegðunarvandamál hins vegar.

Það þarf að taka agamál almennt fastari tókum og koma í veg fyrir að nemendur komist upp með neikvæða hegðun innan bekkjarins / hópsins. Nemendur sem eiga í vandræðum með sig þurfa aðstoð strax og koma þarf í veg fyrir að þeir skemmi andrúmsloftið innan bekkjarins. Það þarf að vera með úrræði fyrir þessa nemendur. Það þarf að fylgja skólareglunum betur eftir, t.d. þegar nemendur ganga illa um eða skemma eigur skólans. Auk þess þarf að tryggja að agamálum sé fylgt eftir og að viðeigandi kennarar og starfsmenn séu látnir vita um framgang mála.

Dæmi eru um að kennarar kjósi frekar að leysa agamálin sem upp geta komið sjálfir en að koma þeim áfram til deildarstjóra og er það gott.

Hvað agamál varðar þykir ramminn utan um þau á yngsta stigi og miðstigi góður og ef farið er með mál til deildarstjóra er þeim fylgt vel eftir.

Mikilvægt er að hafa einhvern sem er yfir námsverinu. Það þarf að nýta námsverið betur, passa að hafa alltaf einhvern starfsmann í námsverinu og sjá til þess að nemendur hafi alltaf með sér verkefni þangað eða að þar séu tilbúin verkefni sem bíða nemenda. Ef kennari er einn í námsveri ætti hann að ná í nemendur.

Stundatafla námsvers þarf að vera aðgengileg öllum, til þess að allir sjái mönnunina þar. Fyrir utan þær stofur sem ekki eru bekkjarstofur þyrfti að hanga stundatafla, svo auðvelt sé að átta sig á því hvort stofan sé laus eða ekki.

Það vantar skýrar línur varðandi Grænánaverkefnið og umhverfisnefnd þarf að vera duglegri að miðla því til hinna hvað er verið að gera og allir þurfa að taka sig á í að flokka pappír. Nú kemur verkefnisstjórnin til starfa í ágúst eftir námsleyfi.

Þeir nemendur sem er í tónlistarnámi og fara úr kennslustundum til að sinna því missa mikið úr, því oft fara nemendur alltaf á sama tíma. Í raun myndi henta betur ef nemendur færu ekki alltaf úr sömu kennslustundinni, en þá er mikilvægt að búið sé að skipuleggja fyrir heila önn nemandi á að mæta í tónlistarskólann og úr hvaða kennslustund hann á að fara. Það þarf að koma í veg fyrir það að tónleikar hjá tónlistarskóla séu þegar nemendur eru í prófum. Það þarf að koma á betri samstarfi við tónlistarskólann.

Nemendur sem eru í barnakórnum eru líka oft teknir út úr kennslustundum, ábendingar komu um hvort möguleiki væri á því að æfa meira eftir skóla.

Á yngsta stigi þykir opna rýmið hefta fjölbreyttar kennsluáðferðir, það er t.d. erfitt að kenna með leik og söng þar sem hljóð frá öðrum kennslustofum trufla kennsluna hjá hinum.

Ánægja er með morgunloturnar þar sem þær þykja nýtast vel. Smiðjukennarar eru ánægðir með tímalengdina á smiðjunum, en þær voru lengdar úr 60 mín. í 80 mín.

Það þarf að huga vel að bæði hópastærðum og samsetningum nemenda í íþrótt- og smiðjuhópum.

Gæta þarf að því að manna forföll stuðningsfulltrúa og skólaliða í frímínútnagæslu og í matsal skólans.

Mikil ánægja er með samstarf leik- og grunnskólans og þykir það hafa gengið mjög vel í vetur.

Góður starfsandi er á miðstigi og þeir sem starfa á stiginu bera traust til deildarstjóra síns og eru ánægðir með skipulagið.

Huga þarf að hópastærðum, þær þurfa að vera raunhæfar. Sérgreinakennarar eru farnir að finna fyrir stærri hópum. Gæta að því að hóparnir séu ekki of stórir, svo hægt sé að fylgja einstaklingsmiðuðu námi betur eftir.

Ánægja er með að hafa íslensku á móti smiðjum í stundatöflu.

Mikil veikindi hafa verið í vetur og mætti koma með ábendingu til sveitastjórnar að gefa starfsfólki frítt í sund eða styrk í líkamsrækt.

Kennsla á elsta stigi gekk almennt vel og framfarir eru sjáanlegar hjá nemendum stigsins.

Fram kom að mikilvægt þykir að klára vinnu við stundatöflur og vinnuramma áður en vinna hefst í ágúst. Því má bæta við að stundatöflur og vinnurammar fyrir skólaárið 2013 – 2014 voru tilbúin þann 10. júní sl.

Mikið álag hefur verið á starfsfólki vegna forfalla í vetur.

Ánægja er með form myndmenntakennslunnar, þ.e. að nemendur fái kennslu í myndmennt allan veturinn. En taka þarf enskukennsluna á stiginu fastari tókum.

Það þykir vanta svigrúm til að setja upp sýningar, leikrit eða söngleik á stiginum.

Að auki þarf að koma öllum tölvumálum skólans á hreint.

Óánægja hefur verið í vetur vegna tímasetningu matartímans á elsta stigi, of seint þykir að fara í hádegismat kl. 13. Nú þegar hefur verið farið í breytingu á matartímanum fyrir næsta skólaár og verður elsta stig í mat kl. 12:20.

6. Samstarf leik- og grunnskóla

Fimmtudaginn 5. júní hittust Erla Berglind – deildarstjóri Tónalands, Unnur Óskarsdóttir – deildarstjóri Ævintýralands, Birna Sigurðardóttir – deildarstjóri yngsta stigs, Gyða Björgvinsdóttir – umsjónarkennari tilvonandi 1. bekkjar og Svava Björk Helgadóttir – umsjónarkennari núverandi 1. bekkjar á fundi til að fara yfir samstarf vetrarins. Að auki kom Ingibjörg Erlingsdóttir að þessu samstarfi en hún sendi sínar athugasemdir í tölvupósti.

Mikil ánægja er með samstarfið eins og það hefur verið í vetur. Í janúar komu börnin í elsta árgangi leikskólans í heimsókn í skólann, þar sem skólastjóri sýndi þeim skólann. Á vorönn komu leikskólabörnin 10 sinnum í vinnuheimsókn í skólann þar sem þau tóku þátt í smiðjum með nemendum 1. bekkjar. Um var að ræða 5 mismunandi smiðjur; tónlistarsmiðja, vísindasmiðja, stærðfræðismiðja, smiðja þar sem unnið var með markvissa málörvun og

ævintýrasmiðja. Nemendur fóru því tvisvar sinnum í hverja smiðju. Hópastærðirnar voru mjög góðar, 8 – 9 börn í hverjum hóp. Ánægja var með samsetningu barnanna í hópana, enda var góð samvinna á milli skólastiganna við að raða börnunum í hópa. Auk þess að vera með í smiðjunum komu leikskólabörnin 4 sinnum á vorönninni í skólann til þess að borða með yngsta stigi og gekk það vel. Þar fyrir utan fóru nemendur 1. bekkjar þrisvar sinnum í heimsókn í leikskólann, einnig á vorönninni. Fyrir næsta skólaár hefur verið ákveðið að 1. bekkur heimsæki leikskólabörnin frekar á haustönninni. Auk þess fór umsjónarkennari tilvonandi 1. bekkjar í heimsókn á leikskólann tvo morgna í apríl til þess að kynnst börnunum á sínum heimavelli.

Í apríl var boðið upp á skólaferninámskeið fyrir foreldra barna í elsta árgangi leikskólans, þar fengu foreldrar fræðslu um skólann frá bæði skólastjóra og deildarstjóra yngsta stigs, Edda Antonsdóttir kom frá Skólaskrifstofunni og hélt tölu um lestrarnám barna. Anna Kristín Guðjónsdóttir verkefnastjóri Uppeldi til ábyrgðar kynnti verkefnið fyrir foreldrum, auk þess að fá kynningu á foreldrafélagi skólans og svo fengu foreldrar tækifæri til að spjalla við tilvonandi kennara barna sinna. Ánægja var með námskeiðið meðal þeirra sem mættu, en mætingin var um 70%. Laugardaginn 25. maí, daginn eftir skólaslit, var seinni hluti námskeiðsins. Þá mættu foreldrar með börnin sín. Búið var að merkja snaga fyrir börnin, ásamt möppum og einni námsbók. Börnin settust við borð og fengu tækifæri til að skoða námsbókina ásamt foreldrum sínum, auk þess sem börnin teiknuðu af sér mynd sem verður notuð í haust til að merkja borð nemendanna. Farið var í leiki, grillaðar pylsur og fengu foreldrar tækifæri til að spyrja spurninga. Mjög góð þátttaka var á námskeiðinu og heppnaðist það mjög vel, en foreldrar 15 barna (af 16) mættu.

Í haust stendur til að halda skólaferninámskeið í þremur hlutum, það fyrsta strax að hausti fyrir foreldrana, annað undir vor og síðan er stefnan sett á hitting með börnunum eftir skólaslit. Óhætt er að segja að námskeið sem þessi þjappi foreldrahópnum saman og þarna fengu foreldrar gott tækifæri til að kynnst og ræða málin, við hvert annað og kennara barnanna.

Þess utan tók elsti árgangur leikskólans þátt í þemadögum grunnskólans og var almenn ánægja með það, ánægjulegt að hægt var að keyra eina stöðina í þemavinnunni á leikskólanum.

Að lokum

Það er öllum nauðsynlegt að fara í sjálfsskoðun, hvort sem um er að ræða einstakling, hóp eða stofnun. Til þess að gera betur þarf fyrst og fremst að komast að því hvað það er sem hægt er að gera betur. Með því að fara í ítarlega sjálfsskoðun á innra starfi skólans er okkur gert kleift að sjá hvað má fara betur í skólastarfinu. Á þessum vetri hefur sjálfsmatsnefnd Hvolsskóla farið vítt og breytt um skólastarfið og gert kannanir á mörgum þáttum þess skólaárið 2012 – 2013. Það er von okkar að við getum hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri. Gerð hefur verið áætlun í sjálfsmati fyrir skólann fyrir næstu tvö skólaár, þ.e. 2013 – 2014 og 2014 - 2015.

Sjálfsmatsnefndinni telst til að flest allir þættir skólastarfsins séu metnir á eins til þriggja ára

fresti, matið er kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu á núverandi skólaári. Til þess að fá sem bestan samanburð á milli ára er meira og minna notast við sömu kannanirnar. Skýrslan verður kynnt fyrir bæði fræðslunefnd og skólaráði og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu skólastjóra.

Hvolsvelli 14.júní 2013

F.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Gyða Björgvinsdóttir,
formaður nefndarinnar.